

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum borgar-ráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bannað verður að beygja til vinstri af Barónsstíg til vesturs á Laugaveg.
 2. Bannað verður að beygja til hægri af Vitastíg til vesturs á Laugaveg.
 3. Bannað verður að beygja til vinstri af Bergstaðastræti til vesturs á Laugavegi
 4. Einstefnuakstur verður á Barónsstíg til norðurs frá Laugavegi að innkeyrslu að bifreiðastæði Landsbanka Íslands.
 5. Einstefnuakstur verður á Vatnssstíg til norðurs frá Laugavegi að Hverfisgötu.
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka strax gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. nóvember 1985.

Sigurjón Sigurðsson.

GJALDSKRÁ**Hitaveitu Eyra****I. KAFLI**

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemla eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli, fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 43,60

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkunina innheimtist fyrir hvern mæli á mánuði eftirfarandi fastagjald.

- | | |
|----------------------------------|------------|
| a) fyrir mæla til og með 1/2"—1" | kr. 450,00 |
| b) fyrir mæla til 1 1/4"—2" | kr. 900,00 |